



Suðurhlíðarskólinn – heildarmat á skólastarfi

Mars 2013
Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur

Ritstjórar: Björk Ólafsdóttir og Birna Sigurjónsdóttir

Ritun skýrslu og fylgiskjala:

Birna Sigurjónsdóttir

Björk Ólafsdóttir

Hildur Björk Svavarsdóttir

Nanna K. Christiansen

Una B. Bjarnadóttir

Valgerður Erna Þorvaldsdóttir

Efnisyfirlit

Inngangur	4
<i>Mat á skólastarfi</i>	4
Svið I Stjórnun og mannauður	7
<i>Fagleg forysta</i>	7
Stjórnandinn sem leiðtogi	7
Stjórnun stofnunar	8
Faglegt samstarf	8
Viðhorf starfsmanna	9
<i>Stefnumótun og skipulag</i>	12
Starfsáætlun og skólanámskrá	12
Skóladagur nemenda	12
Verklagsreglur og áætlanir	12
<i>Samskipti heimila og skóla</i>	14
Viðhorf foreldra og þátttaka í skólastarfi	14
Svið II Nám og kennsla	17
<i>Nám og námsaðstæður</i>	17
Inntak og árangur	17
Skipulag náms og námsumhverfi	18
Kennsluhættir og gæði kennslu	19
Námshættir og námsvitund	20
<i>Þátttaka og ábyrgð nemenda</i>	20
Lýðræðisleg vinnubrögð	20
Ábyrgð og þátttaka	21
Viðhorf nemenda	21
<i>Námsaðlögun</i>	23
Nám við hæfi allra nemenda	23
Stuðningur við nám	23
Svið III Innra mat grunnskóla	25
Innra mat er kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi	25
Innra mat er markmiðsbundið	25
Innra mat byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum	25
Innra mat er samstarfsmiðað og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum	25
Innra mat er opinbert	26
Innra mat er umbótamiðað	26
Greining	27
Samantekt	27
Heimildir	32
Fylgiskjöl	32

Inngangur

Í skýrslu þessari verður greint frá niðurstöðum heildarmats í Suðurhlíðarskóla sem fram fór í desember 2012. Matið var framkvæmt af starfsfólki í stýrihópi um heildarmat skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

Ákveðið var á skóla- og frístundasviði að Suðurhlíðarskóli yrði einn af þeim skólum sem færi í heildarmat á skólastarfi skólaárið 2012-2013. Gagna var aflað með viðtölum, vettvangsathugunum og rýnihópum, auk þess sem farið var yfir gögn um skólastarfið.

Leiðarljós við matið var: ***Að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.***

Matið er liður í því að styðja við skólastarf og kemur til viðbótar sjálfsmati skólanna. Viðmiðin sem notuð voru til að leggja mat á skólastarfið í Suðurhlíðarskóla voru útbúin fyrir þróunarverkefni um ytra mat mennta- og menningarmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga árið 2012 og eru fyrst og fremst byggð á lögum og reglugerðum um skólastarf og aðalnámskrá grunnskóla. Áherslur og straumar í skólastefnum sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands voru einnig höfð til hliðsjónar auk *Sameiginlegrar framtíðarsýnar fyrir grunnskólastarfið 2007-2020*¹.

Skólastjóri Suðurhlíðarskóla er Frode F. Jakobsen. Í skólanum eru 42 nemendur í 2.-10. bekk skólaárið 2012-2013. Nemendur koma víða að á höfuðborgarsvæðinu en flestir eru úr Reykjavík eða 69%.

Í skólanum starfa 13 starfsmenn skólaárið 2012-2013 í 10,1 stöðugildum, þar af eru kennarar í 6,5 stöðugildum. Samkvæmt þessu eru um 4,16 nemendur á hvert stöðugildi sem er nokkuð lægra en í borginni í heild að meðaltali (6,5)^[1]. Ef aðeins er miðað við kennara í Suðurhlíðarskóla eru um 6,46 nemendur á hvert stöðugildi sem er nokkuð lægra en hlutfall nemenda á kennara á landsvísu að meðaltali (9,1)^[2].

Suðurhlíðaskóli er til húsa að Suðurhlíð 36, 105 Reykjavík og hefur verið rekinn í núverandi húsnæði frá hausti 1990. Um sögu skólans segir á heimasíðu að árið 1905 stofnaði söfnuður Sjöunda dags aðventista barnaskóla í Reykjavík. Gekk á ýmsu um rekstur skólans fyrstu árin en frá árinu 1942 var skólinn starfræktur óslitið til ársins 1967 í safnaðarheimili Aðventkirkjunnar Ingólfsstræti 19. Lagðist hann þá niður um nokkurra ára skeið vegna aðstöðuleysis en árið 1976 var hafist handa á ný í húsnæði safnaðarins að Bauganesi 13 í Skerjafirði. Skólinn starfaði í Bauganesinu til ársins 1988 þegar hafist var handa við byggingu núverandi húsnæðis skólans að Suðurhlíð 36.

Mat á skólastarfi

Ákvæði um mat og eftirlit með gæðum skólastarfs er í 35. gr. grunnskólalaga nr. 91/2008:

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskóla eru að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda
- Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá grunnskóla
- Auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum

¹ Unnin sameiginlega og samþykkt af skólamálanefndum Félags grunnskólakennara, Skólastjórafélags Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

- Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum

Ákvæði um innra mat er í 36. gr. laganna:

Hver skóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.

Ákvæði um ytra mat sveitarfélaga er í 37. gr.:

Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs, sbr. 5. og 6. gr., og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Sveitarfélög skulu leitast við að fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi.

Um ytra mat menntamálaráðuneytis er fjallað í 38. gr.:

Menntamálaráðuneyti annast greiningu og miðlun upplýsinga um skólahald í grunnskólum á grundvelli upplýsinga frá sveitarfélögum skv. 37. gr. og með sjálfstæðri gagnaöflun. Menntamálaráðuneyti gerir áætlun til þriggja ára um kannanir og úttektir sem miða að því að veita upplýsingar um framkvæmd laga þessara og aðalnámskrár grunnskóla og aðra þætti skólastarfs.

Menntaráð Reykjavíkurborgar ákvað vorið 2007 að láta fara fram heildarmat í 6-7 grunnskólum á ári. Skipaður var stýrihópur heildarmats á Menntasviði til að sjá um framkvæmd matsins undir stjórn Birnu Sigurjónsdóttur, verkefnisstjóra. Alls hefur heildarmat farið fram í 36 grunnskólum í Reykjavík á árunum 2007-2012.

Markmið heildarmats

- Aðstoða skóla í ljósi eigin sjálfsmats til að efla skólastarfið og styrkja innviði skólans.
- Styrkja skólabrag og búa til samhljóm í skólanum.
- Gera góðan skóla betri með markvissri hvatningu í starfi.
- Veita skólayfirvöldum upplýsingar um gæði skólastarfs.

Tímarammi

Gert er ráð fyrir að allt matsferlið taki sex til sjö vikur og viðtöl og vettvangsathuganir fari fram á 1-2 vikum innan þess tíma.

- | | |
|---|-------------|
| • Ákvörðun tekin um athugun í skóla | vika 1 |
| • Haft samband við skólann og látið vita af fyrirhugaðri heimsókn | vika 1 |
| • Upplýsingum safnað saman/prófill skólans/heimasíða skoðuð | vika 1 |
| • Viðtöl við skólastjórnendur, kynning fyrir starfsfólki | vika 2 |
| • Vettvangsathuganir, rýnihópar | vika 3 |
| • Úrvinnsla og skýrslugerð | vika 4-5 |
| • Skólastjóra gefst færi á að lesa yfir skýrslu | vika 5 |
| • Skýrsluskil – formleg | vika 6 |
| • Upplýsingar til Skóla- og frístundaráðs | í lok annar |

Aðferðir við gagnaöflun:

- Viðtöl við stjórnendur og fulltrúa kennara, fundur með fulltrúum foreldra, fundur með stjórn nemendafélags
- Rýnihópar – stjórnendur, kennarar (tveir til þrjár hópar), annað starfsfólk, foreldrar, nemendur (tveir til þrjár hópar)
- Vettvangsathuganir með gátlista
 - Athugun á skólabrag og kennslu í kennslustundum og hléum

- Athugun í skóla
- Athugun í skólastofu
- Farið yfir gögn:
 - Skólanámskrá og starfsáætlun skólaársins þ.m.t.:
 - Skipurit og starfslýsingar
 - Mannréttindaáætlun
 - Áætlun um foreldrasamstarf
 - Áætlun um starf nemendafélags
 - Sjálfsmatskýrslu og umbótaáætlun
 - Heimasíðu skólans
 - Stundaskrár bekkja/árganga 2012-2013 (eins og þær eru afhentar nemendum)
 - Yfirlit yfir valgreinar (kenndar á skólaárinu)
 - Kennsluáætlanir 2012-2013 (sýnishorn af yngra, mið- og elsta stigi)
 - Sýnishorn af námsmatsblöðum fyrir öll stig
 - Símenntunaráætlun skólans
 - Upplýsingar um öryggisþætti og áhættumat
 - Yfirlit yfir stöðu skólans í könnunum, skimunum og samræmdum prófum
 - Önnur þau gögn sem skólinn vill leggja fram og varpa ljósi á gæði skólastarfsins

Skýrsla – endurgjöf – eftirfylgd

- Gerð er ítarleg skýrsla um hvern skóla sem skapar umræður innan skólans, er jákvæð og bendir á styrkleika skólans og veikleika.
- Skýrslan afhent skólastjórnendum á fundi með sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs. Stjórnendur fá tækifæri til að koma með athugasemdir sem tekið er tillit til við lokagerð.
- Fundað með skólastjórnendum og niðurstöður kynntar á fundi starfsmanna. Fulltrúum foreldra og fulltrúum frá þjónustumiðstöð er boðið að sækja þann fund.
- Skólinn gerir umbótaáætlun sem byggir á niðurstöðum matsins og skilar til sviðsstjóra.

Frekari eftirfylgni:

- Komið á samstarfi skóla/netverki um ákveðna þætti sem þarf að vinna með.
- Skólinn getur fengið ráðgjöf frá skóla- og frístundasviði eða þjónustumiðstöðvum.

Skýrslan er vinnuskjal skólans en skólar eru hvattir til að birta hana á heimasíðu.

Svið I Stjórnun og mannaúður

Fagleg forysta

Stjórnandinn sem leiðtogi

Menntun og velferð nemenda er í öndvegi í Suðurhlíðarskóla og starfsfólk hefur mikinn metnað til að hver nemandi nái sem bestum árangri. Suðurhlíðarskóli er kristinn skóli þar sem lögð er áhersla á að endurspegla kristilegt gildismat og veita almenna menntun en skólinn er opinn fyrir öllum nemendum.

Skólinn er rekinn af Kirkju sjöunda dags aðventista á Íslandi. Fimm manna skólanefnd skólans er kosin á aðalfundi kirkjunnar en hún tekur allar stærri ákvarðanir varðandi stefnu og rekstur skólans. Skólastjóri sér um daglegan rekstur skólans en auk hans er starfandi fjármálastjóri í 60% starfi. Auk stjórnunarstarfa kennir skólastjórinn 10 tíma á viku á eldra stigi og gengur í öll störf í skólanum. Skólastjóri leggur rækt við góð samskipti við nemendur, kennara og foreldra og er mjög sýnilegur í daglegu starfi skólans, að því er fram kemur í rýnihópum kennara og nemenda. Þátttakendur í rýnihópum eldri og yngri nemenda sögðu að skólastjórinn væri skemmtilegur, „allir þekkja hann“.

Stefna skólans er mótuð í samvinnu skólastjóra, starfsfólks og skólanefndar og er birt á heimasíðu skólans. Skólinn hefur mótað sér skýra sérstöðu sem kristinn skóli og sú sérstaða er vel kynnt fyrir foreldrum og nemendum, m.a. á heimasíðu skólans. Einkunnarorð skólans eru kærleikur, mannvirðing og umburðarlyndi. Kristin gildi hafa áhrif á daglegt starf skólans, mikil áhersla er lögð á góð samskipti, gagnkvæma virðingu og umburðarlyndi og hver skóladagur hefst með morgunbæn. Kristnifræðikennsla er meiri en í almennum skólum, tveir tímar á viku í stað eins. Í rýnihópi með nemendum á yngra stigi kom fram að almennt væru krakkarnir ánægðir með bænastundina á morgnana, en þátttakendur voru ekki mjög uppteknir af því að skólinn væri grundvallaður á kristnum gildum. Í viðtali við skólastjóra kom fram að fagleg sjónarmið réðu mestu við ráðningu kennara, fæstir kennarar skólans tilheyra söfnuði aðventista, en í aðventistaskólum erlendis er algengt að meirihluti kennara séu aðventistar. Nemendur skólans koma líka úr ýmsum áttum, hluti þeirra eru aðventistar, en margir foreldrar hafa að sögn gefist upp á hverfissskóla og leitað með börn sín í Suðurhlíðarskóla þar sem einstaklingurinn fái meiri athygli og alúð en í almennum skólum.

Foreldrar fá vikulegan tölvupóst frá kennara og skólastjóra, kennarinn veitir upplýsingar um barnið og bekkinn í heild en skólastjóri segir frá því sem er á döfinni í skólastarfinu. Foreldrar í rýnihópi voru ánægðir með upplýsingagjöfina frá skólanum, góðar upplýsingar væri að finna á heimasíðu skólans og frábær samskipti við kennara og skólastjóra. Skólinn er einnig á facebook og þar eru settar inn upplýsingar um það sem er á döfinni í skólanum.

Skólastjóri fer lítið inn í kennslustundir til að fylgjast með kennslu en áformar að gera meira af því. Kennarar leita mikið til hans til að ræða um kennsluna og leiðir til að nálgast nemendur með ólíkar þarfir. Skólastjórinn kennir sjálfur á elsta stigi og þekkir því nemendahópinn vel.

Stjórnun stofnunar

Skólastjóri er eini stjórnandi skólans og heyrir allt starfsfólk beint undir hans stjórn. Fjármálastjóri í 60% starfi sér um fjármál skólans, innheimtu skólagjalda, launagreiðslur o.fl. Fimm manna skólanefnd sem kosin er á aðalfundi Kirkju sjöunda dags aðventista á Íslandi tekur ákvarðanir um starfsemi skólans og reksturinn. Formlegt skipurit Suðurlíðarskóla liggur ekki fyrir við gerð heildarmats.

Fram kom í rýnihópi kennara að skólastjóri treystir kennurum, „hann er ekki með nefið ofan í okkar daglegu störfum“. Gallinn við þetta er, að sögn þeirra, að nýir kennarar hafi hugsanlega of mikið frelsi varðandi kennsluaðferðir og stefnu og það skorti ákveðna samfellu í skólastarfinu. Nýjum kennurum fylgi hlutfallslega miklar breytingar en um leið væri gott að fá inn nýtt fólk með ný viðhorf.

Við ráðningar er þess gætt að kennarar uppfylli lögbundnar kröfur um menntun og hafi til að bera þá þekkingu eða reynslu sem krafist er í starfinu. Allir kennarar skólans eru með leyfisbréf sem grunnskólakennarar. Á heimasíðu skólans er listi yfir starfsfólk, starfssvið hvers og eins svo og netföng. Ekki verður séð af þeim gögnum sem fyrir lágu við matið að til séu starfslýsingar fyrir stjórnendur og starfsfólk né formleg skráning á menntun og sérhæfingu kennara.

Í rýnihópi kennara kom fram að skólastjóri mætti vera duglegri við að hrósa fólki fyrir vel unnin störf en þó fannst sumum þátttakendum hann vera meðvitaður um störf kennarana og fylgjast vel með því sem hver og einn væri að gera.

Skólastjóri tekur ekki formleg starfsþróunarsamtöl en sagðist ræða jafnóðum við kennara og annað starfsfólk þau mál sem upp koma. Misjafnar skoðanir voru á því í rýnihópi kennara hvort þörf væri á að taka formleg starfsþróunarsamtöl, sumum fannst það alger óþarfi en aðrir töldu gagnlegt að hafa formleg samtöl. Í rýnihópum kennara kom fram að aðgengi að skólastjóra væri ágætt og skólastjóri sagði að starfsfólk gæti alltaf komið til sín ef það vildi ræða einhver mál.

Ekki er til formleg móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn eða verklagsreglur um meðferð eineltis- og ágreiningsmála í starfsmannahópnum að því er séð verður af fyrirbyggjandi gögnum.

Í viðtali sagðist skólastjóri hafa „reynt að biðja um sakavottorð“ þegar nýir starfsmenn eru ráðnir til starfa en starfsmenn hafa ekki verið látnir undirrita yfirlýsingu um trúnað í starfi. Skólastjóri sagðist minna starfsfólk á trúnað og þagnarskyldu þó hann léti það ekki undirrita sérstaka yfirlýsingu og einnig vekja athygli foreldra sem kæmu inn í skólann á því að ekki ætti að ræða um einstaka nemendur eða mál utan skólans.

Faglegt samstarf

Í skólastefnu Suðurlíðarskóla kemur fram að lögð sé áhersla á virðingu og ábyrgð gagnvart náunganum, að hver einstaklingur njóti verndar og vináttu og að nemendur öðlist sjálfstæða og gagnrýna hugsun. Mikið er lagt upp úr gagnkvæmu trausti og góðum samskiptum í skólanum. Fram kom í rýnihópi kennarar að skólinn tæki á hverju hausti við mjög erfiðum einstaklingum í eldri bekkjum, krökkum sem hefðu átt erfitt uppdráttar í skóla og ættu mjög

erfitt með að fóta sig. Þessum einstaklingum þyrfti að hlúa að og finna leiðir til leyfa þeim að njóta sín.

Í viðtali við skólastjóra kom fram að kennarar hefðu mikil áhrif á starfsemi skólans, ákvarðanir væru teknar á kennarafundum með lýðræðislegum hætti og síðan væri þeim hrint í framkvæmd: „...þá bið ég bara fólk að rétta upp hönd og allir sáttir, einróma ákvörðun og það er ekkert hægt að hafa það lýðræðislega í rauninni ... það er náttúrulega okkar styrkur að við getum gert svona hluti“. Vilji er til að auka aðkomu foreldra að starfinu og koma á stofn skólaráði með fulltrúum foreldra „til að efla lýðræðið“.

Kennarafundir eru í annarri hverri viku þar sem allir kennarar funda saman. Efni hvers fundar er sett upp á töflu í kennarastofu og þar geta kennarar sett inn efni sem þeir vilja taka fyrir á fundunum. Skólastjóri er fundarstjóri og yfirleitt er lögð fram dagskrá. Fundargerð er rituð og send út til kennara eftir fundinn. Teymisfundir eru einu sinni í viku. Þá funda kennarar á yngri stigi saman og kennarar á eldri stigi, en myndmennta- og textílkennari fundar með smíðakennara. Mál einstakra nemenda eru rædd á teymisfundum og fagleg mál. Vegna smæðar skólans er ekki grundvöllur fyrir faglegu samstarfi faggreinkennara, á eldri stigi er t.d. aðeins einn stærðfræðikennari. Ekki kom fram í viðtölum að faglegt samstarf væri við kennara í öðrum skólum.

Í rýnihópi kennara kom fram að upplýsingastreymi innan skólans væri ábótavant: „Það berast nú ekki alltaf upplýsingar á milli fólks þótt við séum fá ... kannski vegna þess að þar er ekki formlegur farvegur fyrir upplýsingarnar ... hérna er þetta meira eins og á stóru heimili og þá vill stundum gleymast að segja einhverjum eitthvað.“ Þó kom fram í rýnihópnum að töluvert væri sent út af upplýsingum í tölvupósti til starfsfólks en sumir væru ekki duglegir að opna tölvupósta til að vita hvað væri í gangi.

Foreldrafundir eru tvisvar á ári, eftir haustönn og vetrarönn. Fyrirhugað er að bæta þriðja fundinum við í lok vorannar, en kennarar í rýnihópi töluðu um að það hefði vantað hingað til, „að hitta foreldra og nemendur áður en börnin fari út í sumarið.“

Suðurlíðarskóli er í samstarfi við þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða, Greiningarstöð og BUGL varðandi einstaka nemendur. Einnig er samstarf við Kirkju sjöunda dags adventista á Íslandi og nemendur hafa heimsótt kirkjur safnaðarins í Reykjavík og í Hafnarfirði. Norskur adventistaskóli er vinaskóli Suðurlíðarskóla og nemendur hafa farið út til Noregs að heimsækja skólann annaðhvort ár. Á síðustu árum hefur verið unni að því að koma á fót samstarfi við leikskólann Vinagarð sem KFUM og K rekur. Elsta hópnum úr Vinagarði hefur verið boðið í heimsókn í Suðurlíðarskóla einu sinni til tvisvar á vetri. Ekkert formlegt samstarf er við aðra leikskóla, grunnskóla eða framhaldsskóla eða aðra aðila í grenndarsamfélaginu.

Viðhorf starfsmanna

Góður starfsandi er í skólanum, að mati kennara í rýnihópum, heimilislegur andi og „lagt mikið upp úr gamansemi“. Þátttakendur nefndu að starfsfólkið gætu verið duglegri að hittast og gera eitthvað saman, t.d. hafa þorrablót eða árshátíð.

Kennarar finna fyrir miklu trausti frá skólastjóranum og aðgengi þeirra að honum er gott. Nokkur stöðugleiki er í starfsmannahópnum en þó alltaf einhverjar mannabreytingar á hverju ári, að sögn kennara í rýnihópi. Fyrir vikið skorti ákveðna samfellu í skólastarfið, t.d. tækju nýir kennarar ekki endilega þátt í sameiginlegri bænastund á morgnana.

Foreldrar í rýnihópi voru mjög ánægðir með samskiptin við kennara og foreldra, „frábært hvernig tekið er á móti foreldrum hér“. Auðvelt er að ná sambandi við kennarana og að fá upplýsingar um börnin, „það eru ekki þessi formlegheit hér heldur er allt opið“. Foreldrarnir töldu að skólinn hefði gott orðspor í samfélaginu. Kennarar í rýnihópi sögðu samskipti við foreldra vera mjög jákvæð, allir væru með það sameiginlega markmið að búa sem best að börnunum. Kennararnir sögðu að vegna smæðar skólans þekktu þeir vel til aðstæðna barnanna, „við þekkjum marga í kringum hvert barn ... mörg börn hér með erfitt bakland en það vita allir af því hér og það hjálpar“.

Kennarar í rýnihópi voru ánægðir með umhverfi skólans, „Þetta er eins og lítill sveitaskóli í miðri Reykjavík. Umhverfið er meira að segja eins og í sveitinni“. Skólastjórinn tók í sama streng í viðtalinu: „mér finnst þetta alveg dásamlegt að hafa skóginn hérna og okkar staðsetning er alveg bara frábær, hvort sem það er skógurinn hérna eða Nauthólsvíkin eða fjaran hérna“. Ekki komu fram athugasemdir varðandi húsnaði eða búnað í viðtölum og rýnihópum kennara. Í rýnihópi foreldra kom fram að velunnarafélag skólans væri að safna peningum til að fjármagna umbætur á skólalóðinni, aðstöðuna þar þyrfti að bæta.

Mikil ánægja kom fram í rýnihópi kennara með fyrirkomulag skólaasetningar og skólaslita. Foreldrar, afar, ömmur og systkini eru velkomin og mæting er mjög góð. Viðburðirnir eru að kvöldi svo að sem flestir geti komið. Einnig kom fram mikil ánægja hjá kennurum með viðburði í tengslum við jólin, „Jólin eru sérstaklega hátíðleg hér líka“.

Mötuneyti er í skólanum og í rýnihópi foreldra kom fram mikil ánægja með matinn: „Maturinn í skólanum er líka mjög góður ... það er eldað hér á hverjum degi en ekki hitað upp“. Kennarar í rýnihópi töldu um að það væri „heimilisandi í skólanum ... kennarar og börn borða saman“.

Skólaþróun

Ekki hefur farið fram formlegt innra mat í Suðurhlíðarskóla og því liggur ekki fyrir þróunar- eða umbótaáætlun, né heldur símenntunaráætlun. Ekki kom fram í rýnihópi eða í viðtali við skólastjóra að kennarar væru sérstaklega hvattir til símenntunar, það er undir hverjum og einum komið að sækja sér símenntun. Skólastjóri sagði í viðtali að engin ákveðin þróunarverkefni væru í gangi í skólanum. Skólinn hefur fengið úthlutað grenndarskógi en það er val hvers og eins kennara hvort og hversu mikið hann nýtir skóginn til kennslu. Kennara á yngra stigi nota skóginn meira en kennarar á unglíngastigi, að því er fram kom í rýnihópnum. Kennararnir töldu að smæð kennarahópsins, peninga- og tímaskortur væru helstu hindranirnar fyrir frekar skólaþróun en áhuginn væri til staðar. Einnig kom fram í rýnihópnum að kennarar hafa mikið sjálfstæði og njóta trausts skólastjóra.

Fagleg forysta

Það sem vel er gert:

- Stjórnandi stuðlar að góðum samskiptum meðal starfsmanna, nemenda og foreldra.
- Skólinn hefur skýra stefnu og starfar í samræmi við hana.
- Mikil áhersla er á góð samskipti, umburðarlyndi og gagnkvæma virðingu.
- Vel er staðið að upplýsingagjöf til foreldra og foreldrar hafa greiðan aðgang að skólastjóra og kennurum.
- Vel er staðið að því að kynna áherslur og sérstöðu skólans á heimasíðu.
- Mannauður er nýttur skv. menntun og sérhæfingu hvers og eins.
- Allir kennarar skólans eru með leyfisbréf sem grunnskólakennarar.
- Teymisfundir eru einu sinni í viku og kennarafundir aðra hverja viku. Fundargerðir eru ritaðar og sendar út með tölvupósti eftir fundi.
- Samstarf kennara er gott og samskipti jákvæð.
- Boðleiðir eru stuttar og ákvarðanir sem varða skólastarfið eru teknar á lýðræðislegan hátt á kennarafundum.
- Góð samskipti og heimilislegur andi er innan starfsmannahópsins.
- Kennarar telja að samskipti við foreldra séu jákvæð og þeir þekkja vel til aðstæðna allra barna í skólanum.
- Starfsfólk er ánægt með staðsetningu og umhverfi skólans.
- Kennarar eru ánægðir með fyrirkomulag viðburða í skólanum á borð við skólaasetningu, skólaslit og jólaskemmtanir.
- Ánægja með mötuneyti og að nemendur og kennarar borði saman í hádeginu.
- Kennarar hafa mikið frelsi í starfi og hafa áhuga á frekari skólaþróun.

Tækifæri til umbóta:

- Lagt er til að skólastjóri veiti kennurum markvissari endurgjöf um nám og kennslu.
- Efla þarf faglega forystu skólastjóra.
- Skólastjóri mætti vera duglegri að við að hrósa starfsfólki og veita beina endurgjöf.
- Æskilegt er að gera áætlun um móttöku nýrra starfsmanna og móta verklagsreglur um meðferð eineltis- og ágreiningsmála í starfsmannahópnum.
- Bent er á að samkvæmt lögum á starfsfólk og verktakar, sem vinna að staðaldri fyrir skólann, að undirrita skjal um trúnað og þagnarskyldu.
- Gæta þarf þess að aflað sé upplýsinga úr sakaskrá um allt starfsfólk skólans.
- Æskilegt væri að koma á formlegum farvegi fyrir upplýsingastreymi innan starfsmannahópsins.
- Huga mætti að því að stofna til formlegs samstarfs við aðra grunnskóla og önnur skólastig.
- Koma mætti á fót vettvangi fyrir faglega umræðu og samstarf við kennara utan skólans.
- Bæta mætti aðstöðu á skólalóðinni.
- Kennarar kalla eftir meiri samfelli í skólastarfinu og að nýjum kennurum sé leiðbeint þegar þeir hefja störf í skólanum.

- Meta þarf starf skólans með markvissum hætti.
- Vinna þarf að þróunar- og umbótaáætlun á grundvelli innra mats.
- Vinna þarf formlega símenntunaráætlun fyrir starfsfólk á grundvelli umbótaáætlunar og hvetja kennara til að sækja sér símenntun.
- Skapa þarf svigrúm til frekari skólaþróunar.

Stefnumótun og skipulag

Starfsáætlun og skólanámskrá

Starfsáætlun Suðurhlíðarskóla er ekki aðgengileg á heimasíðu skólans né með öðrum opinberum hætti. Þegar starfsáætlunin var yfirfarin hjá Skóla- og frístundasviði Reykjavíkur taldist hún einungis að hluta til í samræmi við grunnskólalög nr. 91/2008, aðalnámskrá grunnskóla (2011) og tilmæli skóla- og frístundasviðs um starfsáætlanir grunnskóla Reykjavíkur (sjá í fylgiskjölum: Gátlisti um starfsáætlun skóla). Upplýsingar vantar m.a. um stjórnskipulag skólans, stoðþjónustu, kennsluáætlanir og viðfangsefni innra mats (sjá um innihald starfsáætlunar í 12. kafla aðalnámskrár grunnskóla).

Skólanámskrá liggur ekki fyrir á heimasíðu skólans og var ekki lögð fram sem hluti gagna fyrir ytra matið. Fram kom í viðtali við skólastjóra að eitthvað er unnið að því í vetur að vinna skólanámskrá í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla en verið er að bíða eftir fagskrárhlutu aðalnámskrárinnar. Í rýnihópi kennarar kom fram að ekki er um sameiginlega vinnu við skólanámskrána að ræða heldur skipta kennarar á milli sín að skrifa það sem snýr að hverjum og einum.

Skóladagur nemenda

Skóladagur nemenda er heildstæður og stundatafla er samfelld. Skólinn opnar kl. 8:15 og kennsla hefst kl. 8:30. Allar stundir dagsins eru 40 mínútna langar. Frímínútur eru í 20 mínútur milli annarrar og þriðju stundar og matarhlé er í 30 mínútur í hádegi. Í 1.-3. bekk er vikulegur námstími nemenda 30 stundir eins og viðmiðunarstundaskrá gerir ráð fyrir en í 4.-6. bekk 32 stundir og að auki þrjár 60 mín. heimanámsstundir sem eru hluti reglulegs skóladags eða alls 36,5 stundir (35 stundir skv. viðmiðunarstundaskrá). Í 7.-10. bekk eru á stundaskrá 36 stundir á viku í stað 37 og að auki þrjár 60 mín. heimanámsstundir en í þær er ekki skyldumæting að sögn nemenda. Að heimanámsstundum meðtöldum er skólinn að veita nemendum lengri skólatíma en viðmiðunarstundaskrá gerir ráð fyrir.

Á stundatöflu nemenda í 8.-10. bekk eru tveir tímar í viku í valgreinar og nemendur geta að sögn valið milli tveggja greina. Val nemenda á unglíngastigi er þannig mun minna en aðalnámskrá gerir ráð fyrir.

Verklagsreglur og áætlanir

Á heimasíðu skólans er skilgreint hvað einkennir góða skólamenningu og hvernig stuðlað er að henni í Suðurhlíðarskóla. Skólareglur hafa verið unnar og er gerð grein fyrir þeim á heimasíðu skólans. Reglurnar og viðbrögð við agabrotum eru að mestu í samræmi við ákvæði í reglugerð nr. 1040/2011 (Sjá í fylgiskjölum: gátlisti um skólareglur). Reglurnar eru að sögn nemenda í rýnihópi sýnilegar í skólanum og þeir töldu að nemendur kynnu þær utanað. Í

rýnihóp kennara kom fram að bæklingur um „Aga og kurteisi“ væri árlega mjög vel kynntur fyrir öllum nemendum. Nýir nemendur og foreldrar þeirra fá bæklinginn í hendur þegar þau hefja skólagöngu við Suðurhlíðarskóla. Nemendur taka ekki þátt í að móta skólareglur, en í rýnihóp nemenda nefndu sumir að nemendur tækju þátt í að móta bekkjarreglur. Nemendur upplifa skólareglurnar sanngjarnar en segja að viðurlög við þeim séu ekki alltaf skilvirk.

Þegar gagnaöflun í tengslum við heildarmatið fór fram var verið að vinna að því að koma á stofn nemendaverndarráði í samstarfi við þjónustumiðstöð. Forvarnaráætlanir liggja ekki fyrir í skólanum né skráðar verklagsreglur og viðbrögð við einelti. Í rýnihópum með nemendum, kennurum og í viðtali við skólastjóra kom skýrt fram að einelti er ekki liðið í skólanum og strax er brugðist við ef það kemur upp. Töluðu kennarar um að fámennið í skólanum gerði það að verkum að auðvelt væri að bregðast við ef einelti kæmi upp.

Ekki liggur fyrir skráð áætlun um kannanir eða skimanir sem lagðar eru fyrir til að finna þá nemendur sem þurfa á stuðningi að halda né áætlun um sérkennslu. Ennfremur liggja ekki fyrir skráðar móttökuáætlanir fyrir nýja nemendur, fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku eða fyrir nemendur með sérþarfir.

Það sem vel er gert:

- Jákvæður skólabragur einkennir starfsemi skólans.
- Skóladagur nemenda er heildstæður og stundatafla er samfelld.
- Að heimanámsstundum meðtöldum er skólinn að veita nemendum lengri skólatíma en viðmiðunarstundaskrá gerir ráð fyrir.
- Skólareglur liggja fyrir og nemendur upplifa þær sanngjarnar.
- Vel er staðið að því að fyrirbyggja einelti í Suðurhlíðarskóla.

Tækifæri til umbóta:

- Fyrir liggur að uppfæra starfsáætlun til samræmis við 12. kafla í aðalnámskrá grunnskóla (2011).
- Vinna þarf skólanámskrá til samræmis við 12. kafla í aðalnámskrá grunnskóla og huga að aðkomu starfsfólks, foreldra, nemenda og annarra hagsmunaaðila að þeirri vinnu eftir því sem við á.
- Við gerð skólanámskrár þarf að skoða sérstaklega hvernig grunnþættir aðalnámskrár; læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun, birtast í henni.
- Starfsáætlun, skólanámskrá og námsvísar ættu að vera aðgengileg á heimasíðu skólans.
- Fyrir liggur að vinna þarf heildstæða forvarnaráætlun fyrir skólann þar sem m.a. kemur fram áætlun í fíknivörnum, áfengis- og tóbaksvörnum, áætlun gegn einelti og öðru ofbeldi og áætlun í öryggismálum og slysavörnum. Einnig áætlanir um jafnrétti og mannréttindi og viðbrögð við áföllum.
- Skilgreina þarf verklag um móttöku nýrra nemenda, nemenda með sérþarfir og nemenda með annað móðurmál en íslensku.
- Bent er á að móta þarf árlega áætlun um stuðning í námi og þjónustu við nemendur með sérþarfir í samræmi við reglugerð 585/2010.

- Auka framboð á valgreinum á unglíngastigi.

Samskipti heimila og skóla

Viðhorf foreldra og þátttaka í skólastarfi

Á heimasíðu skólans er greint frá því að foreldrum gefist kostur á að koma í skólann og segja frá störfum sínum og áhugamálum sem lið í starfskynningu eða innlegg í kennslu. Þar kemur einnig fram að bekkjarkvöld séu samstarfsverkefni nemenda, foreldra og kennara. Á heimasíðunni eru ekki frekari upplýsingar um foreldrafélagið, skólaráð eða annað sem snýr að foreldrasamstarfi (Heimasíða skólans).

Í foreldrakönnun skóla- og frístundasviðs vorið 2012 svöruðu 22 foreldrar í Suðurhlíðarskóla könnuninni af 30 í úrtaki eða 71%. Helstu niðurstöður voru þær að 96% foreldrana sögðust vera ánægð með skólann almennt en yfir 90% foreldra hafa verið þeirrar skoðunar undanfarin ár í sambærilegum könnunum. Ánægja foreldra í öðrum grunnskólum í Reykjavík var að meðaltali 84% árið 2012.

Í heildina voru niðurstöður skólans góðar í foreldrakönnuninni fyrir skólaárið 2011-2012. Ánægja með umsjónarkennara var mjög mikil eins og víðar í borginni og þó hún hafi þokast aðeins niður á við frá 2008 og 2010 þá er sá munur ekki marktækur. Nær allir foreldrar eru nú ánægðir með viðmót, samskipti og upplýsingamiðlun frá kennara. Helst mætti skoða upplýsingar um barnið og um líðan og félagsanda í bekk sem færri voru ánægðir með. Þá má nefna að um 50% voru ánægðir með upplýsingar á heimasíðu skólans sem er töluvert undir meðaltali annarra skóla. Ánægja með stjórnun skólans hefur aukist töluvert frá 2010 og er svipuð og árið 2008 eða um 90%.

Spurningar um líðan barnanna í skólanum komu vel út og betur en undanfarin ár hvað snertir líðan í kennslustundum og skólanum almennt. Einelti meðal nemenda mældist ekki í foreldrakönnuninni nú en var 21% í könnuninni árið 2010. Hafa ber í huga að þátttakendur eru fáir og hver og einn getur haft mikil áhrif á hlutföll. Meðaltal annarra skóla vorið 2012 var 11%. Mikil ánægja var með samskipti starfsfólks við barnið og foreldrar töldu skólann koma vel til móts við þarfir barnsins.

Foreldrarnir sem tóku þátt í könnuninni voru yfirleitt sáttir við áherslur skólans, kröfur til nemenda og aga. Um 86% sögðu barnið fá verkefni við hæfi í skólanum og 91% fannst agi í skólanum vera hæfilegur (80% voru sama sinnis í öðrum skólum í Reykjavík). Um 14% fannst þó að námslegar kröfur væru of litlar. Meirihluti foreldra hafði aldrei gert námsáætlun með barni sínu en um 70% fannst það mikilvægt verkefni.

Foreldrarnir voru misánægðir með gæslu á skólalóðinni, um helmingur var ánægður en hinn helmingurinn var óánægður, þá var ánægja með leikaðstöðu á skólalóð einungis hjá um helmingi foreldra. Um þriðjungur foreldra í könnuninni var ekki ánægður með aðstöðu til íþróttaiðkunar.

Foreldrar í rýnihópi sögðu skólann vera opinn fyrir þátttöku foreldra og nefndu t.d. starfsgreinakynningu á síðasta skólaári. Vel væri tekið á móti foreldrum í skólanum og gott samstarf væri um nemendur. Þeim fannst stefna skólans ekki vera áberandi í skólastarfinu eða í kynningu á skólanum og fæstir væru að sækja í skólann vegna kristilegs bakgrunns. Áherslur skólans, kærleikur, mannvirðing og umburðarlyndi væru frekar það sem foreldrar horfðu til. Foreldrarnir þekktu ekki til sjálfsmats skólans.

Upplýsingaflæði um starfið og einstaka nemendur væri gott, kennarar leituðu mikið eftir samskiptum við foreldra. Námið væri fjölbreytt, mikið farið í ferðir og náttúra í umhverfi skólans notuð í kennslunni. Foreldrar og börn settu sér námsmarkmið í foreldraviðtölum í byrjun skólaárs sem væri svo fylgt eftir yfir veturinn. Helst vantaði stuðning frá öðrum aðilum en kennurum, s.s. námsráðgjafa, sálfræðingi eða jafnvel iðjuþjálfra en skólinn fengi ekki mikla aðstoð frá þjónustumiðstöð hverfisins.

Nemendahópurinn væri vissulega sérstakur þar sem margir nemendur ættu við félagslega erfiðleika að stríða eða hefðu ekki náð sér á strik í námi í almennum grunnskólum en vel væri tekið á þessu í skólanum og mikil þolinmæði kennara. Í Suðurhlíðarskóla fengju þau frið og umhyggju sem oft hefði skort í öðrum skólum. Foreldrar kæmu líka í einstaka tilvikum inn í skólastarfið til að vinna með ákveðin vandamál. Vinátta ríkti yfirleitt meðal nemenda og milli árganga.

Skólaráð og foreldrafélag

Samkvæmt upplýsingum frá skólastjóra er eiginlegt skólaráð ekki starfandi við skólann heldur er foreldrafélagið og foreldrahópurinn í heild sem kemur að öllum stærri ákvörðunum sem snúa að skólastarfinu. Að hans mati er foreldrahópurinn í raun of fámennur til að þess fulltrúalýðræði þurfi til að tryggja aðkomu foreldra að ákvarðanatöku.

Í rýnihópi foreldra kom fram að foreldrar töldu skólaráð vera starfandi við skólann. Þeir höfðu ekki séð fundargerðir en að auðvelt væri að fá allar upplýsingar sem þyrfti.

Foreldrafélag er starfandi við skólann skv. heimasíðu skólans, það sér um vorhátíðir, leikjahátíðir í skólanum og fleiri slíka viðburði. Velunnarafélag skólans er einnig starfandi, starfsemin er að miklu leyti fjáröflun fyrir skólann, t.d. vegna aðstöðu á skólalóð.

Samskipti heimila og skóla

Það sem vel er gert:

- Spurningar um líðan nemenda að mati foreldra koma betur út en áður og enginn sagði barn sitt hafa lent í einelti í skólanum.
- Foreldrar eru ánægðir með samskipti við skólann, vel er tekið í hugmyndir þeirra um skólastarfið.
- Foreldrar telja að skólinn vinni mjög vel með nemendur sem oft hafa erfiða reynslu að baki þegar þeir koma í skólann. Þolinmæði, sveigjanleiki og umhyggja ríki í garð allra nemenda.

Tækifæri til umbóta:

- Bæta þarf upplýsingamiðlun á heimasíðu skólans.
- Upplýsa mætti foreldra betur um skólaráð og hlutverk þess.
- Ráðgjöf og stuðningur utan skólans, s.s. frá námsráðgjafa, sálfræðingi eða öðru fagfólki þarf að vera í boði fyrir nemendur.

Svið II Nám og kennsla

Nám og námsaðstæður

Suðurhlíðarskóli er kristinn einkaskóli í Reykjavík á grunnskólastigi og umburðarlyndi, virðing og kærleikur eru rauðir þræðir í starfi hans, segir á heimasíðu skólans. Á hverjum degi er starfið hafið með bæn, í upphafi vikunnar sameiginlega á sal en aðra daga í skólastofum. Í stefnu skólans er þessu lýst þannig að: auk þess að veita almenna fræðslu leggur (skólinn) áherslu á að endurspeglar kristilegt gildismat. Skólinn er opinn öllum þeim sem meta og bera virðingu fyrir kristilegum meginreglum (Skolatorg.is. Skólastefna Suðurhlíðaskóla).

Inntak og árangur

Engin skólanámskrá liggur fyrir við matið, hvorki almennur hluti né námsvísar fyrir einstakar námsgreinar eða árganga. Að sögn skólustjóra hefur almennur hluti skólanámskrár ekki verið unninn, en á heimasíðu birtast meginatriði í skólastefnu skólans. Hvað varðar námsvísa þá er verið að bíða eftir að nýjar fagnámskrár verði gefnar út. Gera má ráð fyrir að á meðan sé unnið eftir gildandi fagnámskrám. Skólanámskráin er þannig ekki það virka stjórnæki í námi og kennslu sem hún á að vera. Upplýsingar um nám og kennsluhætti í matsskýrslu eru því takmarkaðar við það sem fram kom í rýnihópum og vettvangsathugunum þegar skólaheimsókn fór fram.

Nemendur skólans hafa hvorki tekið þátt í lesskimunni Læsi sem er lögð fyrir nemendur í 2. bekk né Talnalykli sem er stærðfræðiskimun fyrir nemendur í 3. bekk, sem nær allir skólar í Reykjavík taka þátt í.

Samræmd könnunarpróf

Vegna þess hve fáir nemendur eru yfirleitt í árgangi er ekki greint frá árangri nemenda á samræmdum prófum hvert ár en hægt að að fá meðaltal árganganna á nokkurra ára fresti. Í töflunni má sjá annars vegar meðaltal árána 2005-2009 og svo 2007-2011. Fyrri tímabilið er meðaltal Reykjavíkur ekki gefið upp en það er yfirleitt rétt um 30.

	Meðaltal 2005-2009	Meðaltal 2007-2011
4. bekkur		
Íslenska	27,5	27,1
Reykjavík	-	30,7
Stærðfræði	29,6	29,6
7. bekkur		
Íslenska	25,2	22,9
Reykjavík	-	30,7
Stærðfræði	27,3	23,7
Reykjavík	-	30,7
10. bekkur		
Íslenska	23,3	22,9
Reykjavík	-	30,9
Stærðfræði	24,3	23,1
Reykjavík	-	31,0

Enska	28,2	28,1
Reykjavík	-	31,5

Meðaltalsárangur nemenda í Suðurlíðarskóla er í öllum greinum og aldursbilum undir meðaltali Reykjavíkur, sérstaklega í 7. og 10. bekk síðara tímabilið. Árangur í ensku í 10. bekk er þó ekki langt frá meðaltali og árangur í 4. bekk í stærðfræði er við meðaltal Reykjavíkur bæði tímabil.

Skipulag náms og námsumhverfi

Vegna smæðar skólans er samkennta í 2.-3. bekk, 4.-6. bekk, 7.-8. bekk og 9.-10. bekk en námshópar samt litlir og „gengur ágætlega“ að blanda árgöngum, að mati kennara. Kennarar leitast við að koma til móts við nemendur þar sem þeir eru staddir í náminu með misþungum verkefnum og ólíku námsefni eftir aldri og getu. Að mati foreldra er námið einstaklingsmiðað og „ekki bara talað um það heldur er það gert“, segir í rýnihópi þeirra, kennarar taka í sama streng „við erum líklega eini skólinn sem býður í raun upp á einstaklingsmiðað nám“.

Þar sem hvorki liggja fyrir námsvísar né námsáætlanir einstakra greina verður ekki lagt mat á samfellu í námi nemenda eða framvindu. Ekki liggja heldur fyrir upplýsingar um tilhögun námsmats en í rýnihópi kennara kemur fram að það sé einstaklingsmiðað eins og kennslan. Hjá kennara í rýnihópi kemur fram að í stærðfræði er unnið eftir þriggja vikna áætlun og eftir þá lotu er próf, en umsjónarkennarar setja upp vikuáætlun fyrir sína hópa. Nemendur tala um að skorti áætlun í íslensku.

Í list- og verkgreinum er námið allt einstaklingsmiðað að sögn kennara, og verklegu og fræðilegu blandað saman í náminu. Engar list- eða verkgreinar eru á stundatöflu nemenda í 9.-10. bekk hvorki fast á töflu né í vali. Að sögn skólustjóra er textílkennsla í boði fyrir stúlkur sem það vilja hjá myndmenntakennara og einnig gefinn kostur á að láta meta val þar sem nemendur stunda dans- eða söngnám fyrir utan skólatíma. Gæta þarf þess að skólinn uppfylli viðmiðunarstundaskrá að þessu leyti. Slík frávik frá aðalnámskrá grunnskóla án heimildar mennta- og menningarmálaráðuneytisins eru óásættanleg. Suðurlíðarskóli á skv. grunnskólalögum að uppfylla ákvæði aðalnámskrár um kennslu í verklegum námsgreinum sem og öðrum námsgreinum.


Heimanámstímar undir leiðsögn kennara eru fastir á töflu nemenda frá 4. bekk, þetta eru skyldutímar hjá miðstigi en í boði á unglíngastigi. Að mati kennaranna ætti að bjóða heimanámsaðstoð í öllum skólum og vinnu nemenda að vera lokið í skólanum. Nemendur segjast læra líka heima en „ekkert sérlega mikið. Tilgangur heimanáms er að þeirra sögn „að læra meira; læra dugnað; hækka upp um bekk; að foreldrar geti fylgst með; að þjálfa heilann“. Skoðanir þeirra eru skiptar um hvort heimanám er of mikið eða of lítið.

Ekki verður séð að nemendasamtöl séu fastur liður í samskiptum nemenda og kennara en þeir eiga óformleg samtöl um námið.


Kennsluhættir og gæði kennslu

Skólinn er eins og nafnið ber með sér staðsettur í suðurhlíð Öskjuhlíðar og stutt bæði í fjöru og skóg. Skólinn nýtir sér þessar aðstæður til útikennslu sem helst er ástunduð í yngri bekkjum en minna í eldri hópum, það fer þó eftir kennurum kemur fram í rýnihópi þeirra, enda eru þeir að eigin sögn sjálfstæðir um kennsluáferðir og framkvæmd stefnunnar. Í útikennslu eru samþætt verkefni, segir í rýnihópi kennara, í íslensku, lífsleikni og náttúrufræði sem dæmi.

Farið var í vettvangsheimsókn í alls 12 kennslustundir og þar af voru 11 metnar. Heimsóknirnar dreifðust á alla námshópa og flestar námsgreinar. Stundirnar voru flestar vel skipulagðar og tími nemenda vel nýttur (sjá fylgiskjal 3: Vettvangsathuganir)



Skráð var hvaða kennsluhættir voru notaðir í þessum stundum, merkt var við 1-3 atriði í hverri stund. Í 44% stundanna voru nemendur í verkefnavinnu undir stjórn kennara a.m.k. hluta tímans og í 22% stundanna var bein kennsla eða innlögn stundum með spurningum til nemenda (sjá einnig fylgiskjal 3: Vettvangsathuganir).



Til samanburðar eru kennsluhættir að meðaltali í þeim skólum sem metnir hafa verið sl. þrjú ár.

Gæði kennslustunda

Farið var í vettvangsheimsókn í alls 12 stundir, ein var ekki metin, en lagt var mat á gæði 11 kennslustunda samkvæmt viðmiðum sem notuð eru við heildarmatið (sjá fylgiskjal 2: Viðmið

um gæði kennslu). Af þeim voru 9 stundanna metnar góðar, 1 viðunandi og 1 óviðunandi. Engin stund var metin frábær. (Fylgiskjal 3: Vettvangsheimsóknir).

Að meðaltali er hlutfall gæða kennslustunda í þeim grunnskólum sem metnir hafa verið sl. ár þannig: Frábærar 10%, góðar 63%, viðunandi 25%, óviðunandi 2%.

Gæði kennslustunda eru metin m.a. út frá því hve vel og markvisst kennari skipuleggur stundina, hversu vel tíminn er nýttur og hvort nemendur eru virkir og áhugasamir. Kennslustund sem metin er viðunandi uppfyllir ekki alla þessa þætti en er samt í meginatriðum í lagi. Kennslustund sem metin er óviðunandi uppfyllir ekki viðmið um gæði kennslustundar í meginþáttum, slíkt þarfnast sérstakrar umræðu og skýringa (sjá einnig fylgiskjal 2, Viðmið um mat á gæðum kennslustundar og fylgiskjal 3: Vettvangsheimsóknir).

Námshættir og námsvitund

Í rýnihópi nemenda kom fram að þeim finnst kennararnir almennt góðir „góður kennari er strangur kennari“, segir einn þeirra. Þeim finnst námið „mátulega erfitt“ og „við fáum að læra eins og okkur þykir best“ í sumum fögum, segja þau. Eldri nemendur í rýnihópi sakna útikennslunnar og vildu gera meira af því að fara í vettvangsferðir. Fram kemur að náttúrufræðin er kennd á ensku og það eru þau sum ósátt við. Eldri nemendur í rýnihópi eru einnig ósátt við að hafa ekki meira val og að ekki séu list- eða verkgreinar í vali.

Nám og námsaðstæður

Það sem vel er gert:

- Heimanámstímar undir leiðsögn kennara eru fastir á töflu nemenda frá 4. bekk.
- Kennarar leitast við að koma til móts við nemendur með misþungum verkefnum og ólíku námsefni eftir aldri og getu.
- Útikennsla er fastur liður í námi yngri nemenda.
- Flestar stundir sem heimsóttar voru í vettvangsathugunum voru vel skipulagðar og tími vel nýttur og 9 af 11 stundum voru metnar góðar.

Tækifæri til umbóta:

- Skólinn móti sér stefnu til að skima snemma fyrir námserfiðleikum t.d. með því að nemendur skólans taki þátt í lesskimunni Læsi og stærðfræðiskimuninni Talnalykli.
- Leita leiða til að bæta árangur nemenda í samræmdum könnunarprófum, sérstaklega í 7. og 10. bekk.
- Birta upplýsingar um nám, kennslu og námsmat í námsvísunum fyrir greinar og árganga á heimasíðu skólans eða með öðrum opinberum hætti.
- Þjóða elstu nemendum aukna kennslu í list- og verkgreinum.

Þátttaka og ábyrgð nemenda

Lýðræðisleg vinnubrögð

Lítið er gert af því að leita eftir sjónarmiðum nemenda um nám og fyrirkomulag skólafarfsins, þetta kemur fram bæði í rýnihópi kennara og nemenda. Í skólafestefnu Suðurhlíðarskóla kemur ekki fram að lögð sé sérstök áhersla á að efla lýðræðisleg vinnubrögð

í skólanum. Kennarar í rýnihópi sögðu að nemendur væru ekki mikið spurðir álits en þó væri reynt að hafa ákveðinn sveigjanleika í náminu og leyfa krökkunum að velja sér verkefni og vera með sjálfsmat. Í rýnihópi nemenda á eldra stigi kom fram að nemendur fengju stundum að hafa áhrif á skólastarfið og að reynt hefði verið að hafa félagsmiðstöð í skólanum „sem við máttum ráða einhverju í“, annars réðu kennararnir og skólastjórinn. Yngri nemendur í rýnihópi sögðu að stundum fengju þeir að ráða með hverjum þeir sætu, en oftast réði kennarinn því hverjir sætu saman og hverjir ynnu saman í hóp.

Rætt hefur verið um að stofna félagsmiðstöð í skólanum fyrir frístundastarf nemenda, þetta var að sögn rætt á sal með kennurum og nemendum. Við „þurfum að gera eitthvað stórtækt til að byggja upp félagslíf í skólanum“, segir kennari í rýnihópi. Það sem dregur úr því er hversu dreift nemendur búa á höfuðborgarsvæðinu. Nýstofnað velunnarafélag skólans er þó sagt vera að vinna í því að efla félagslífið og leita eftir hugmyndum nemenda.

Stjórn nemendafélagsins er kosin lýðræðislegri kosningu, segir í rýnihópi nemenda, en fundir eru ekki reglulegir, það er „enginn tími fyrir þetta nemendaráð“. Vegna fámennis hefur orðið lítið úr viðburðum sem áætlaðir voru s.s. bíóferð. Þar sem ekkert skólaráð er við skólann hafa nemendur heldur ekki tækifæri til að koma sjónarmiðum á framfæri með fulltrúum sínum þar.

Ábyrgð og þátttaka

Í vettvangsathugunum komu nemendur í flestum tilvikum vel fram og vinnufriður var góður. Nemendur tala þó um að stundum sé „ófriður í bekknum“ og kennarar tala um að ákveðinn hópur nemenda „sé erfiður“ þó það eigi alls ekki við um alla.

Þar sem námsvísar/ námsáætlanir liggja ekki fyrir við matið er ekki ljóst að hve miklu leyti markmið stýra námi og kennslu né að hve miklu leyti markmið einstakra námsgreina eru aðgengileg nemendum og foreldrum.

Ekki eru sett einstaklingsbundin markmið í námi nema fyrir þá nemendur sem víkja verulega frá heildinni. Ekki liggja fyrir upplýsingar um námsmat eða viðmið um árangur í námi. List- og verkgreinakennarar segja frá því að nemendur fái að velja sér verkefni og taka þátt í að meta árangur „þau eru mjög raunsæ“. Umsjónarkennari tekur undir þetta og segist gera nemendur ábyrgari fyrir námi sínu og meta „í hverju þau eru góð og hverju ekki“.

Viðhorf nemenda

Nemendur í rýnihópi yngri nemenda fannst námið vera mátulega erfitt og nefndu margar námsgreinar sem væru skemmtilegar, bæði verklegar og bóklegar. Þau voru mjög hrifin af því að læra í gegnum vettvangsferðir, sérstaklega þar sem þeim fannst þau kynnast betur í ferðunum. Nemendunum fannst viðmót kennara gott, það væri gott að kennarar væru hæfilega strangir en þeir væru samt góðir í að hugga þau ef á þyrfti að halda. Þau töldu sig fá leiðbeiningar frá kennurum sínum um hvernig væri hægt að standa sig betur í náminu.

Skólareglur væru skýrar og sýnilegar á einum stað í skólanum en nemendur voru ekki á sama máli um hvort sérstakar bekkjarreglur væru í gildi og hvar þær væru. Nokkuð var rætt um

reglur um fatnað sem ekki eru til staðar en kennarar eru að finna að við nemendur. Nemendur segja skólann auglýsa sig lausan við einelti og það sé réttmætt eins og staðan er nú.

Nemendur þekktu viðurlög við brotum á skólareglum, stundum væri ósanngirni í að vanda um við hóp nemenda vegna atviks sem snerti einstaklinga. Kennarar væru duglegir við að hrósa þeim en ekki væri lengur sérstakt umbunarkerfi. Smæð skólans gerði það að verkum að ekkert einelti væri en það væri alltaf smá stríðni í gangi sem væri ekki endilega neitt sem þyrfti að laga. Allir þekktust og flestir væru vinir.

Að mati nemenda á yngra stigi eru bekkjarkvöld með foreldrum eitthvað sem mætti vera oftast og mikil ánægja með þau. Annars var það tilfinning nemenda að foreldrar kæmu helst inn í skólann þegar einhver vandamál væru með hegðun eða nám.

Nemendur á eldra stigi vildu hafa mikinn vinnufrið í tímum og fannst best að læra þegar kennari útskýrði námsefni á töflunni og þau fengju svo tómt til að vinna áfram í kjölfarið. Annars voru nefndar tilraunir og útikennsla en nemendur vildu hafa meira af því síðarnefnda. Valgreinar væru oft ekki í boði því fáir séu til að velja og það væri stundum svolítið leiðinlegt að geta ekki valið það sem þau hafa áhuga á og jafnvel sitja í valgreinum sem þau hafa engan áhuga á. Nemendur voru ekki sammála um hvort allir gerðu sér áætlanir eða námsmarkmið, það væri misjafnt eftir árgöngum og fögum. Þá mætti líka skoða hvort námsráðgjafi gæti frætt þau meira um framhaldsnám eða aðstoðað þau við að taka áfanga í framhaldsskólum.

Nokkuð miklar umræður sköpuðust um kennara skólans en misjafnt var hvernig nemendur upplifðu agastjórnun þar sem stundum væru kennarar of hvassyrtilir og ekki öllum fannst námsefnið útskýrt nógu vel fyrir þeim. Nemendur vildu gjarnan að kennarar væru hressir og skemmtilegir en að þeir hefðu jafnframt góða stjórn á bekknum. Hrós frá kennurum mætti vera oftast og vinnufriður í elstu bekkjunum þyrfti að vera betri.

Félagslíf nemenda ber merki þess hve fáir nemendur eru en þetta var meira vandamál hjá elstu nemendunum og þeir nefndu t.d. að engin bekkjarkvöld væru haldin hjá þeim og lítil mæting á jólaskemmtun í 7.-10. bekk. Nemendunum fannst að það mætti alveg segja foreldrum meira frá því sem er að gerast í skólanum og virkja þá í starfið. Skólastjóri mætti styðja betur við nemendafélagið, funda meira með þeim og hjálpa þeim að skipuleggja litla viðburði. Nemendurnir höfðu svolitlar áhyggjur af því að aðsókn í skólann myndi dragast saman og hann yrði enn minni en hann er.

Þátttaka og ábyrgð nemenda

Það sem vel er gert

- Nemendur eru almennt jákvæðir fyrir náminu og kennurum sínum.
- Skólareglur eru skýrar og sýnilegar.
- Stjórn nemendafélagsins er kosin lýðræðislegri kosningu.

Tækifæri til umbóta

- Finna þarf leiðir til að styrkja lýðræðisleg vinnubrögð og gefa nemendum tækifæri til að hafa meiri áhrif á námið og námsmatið.
- Auka virkni nemendafélagsins og koma á reglulegum fundum með stjórn þess.
- Aðstoða nemendafélagið við skipulag viðburða til að tryggja að þeir heppnist vel.
- Efla félagslíf nemenda í skólanum, t.d. með því að tengja sig við vinaskóla í nágrenninu.
- Leita markvisst eftir sjónarmiðum nemenda um skólastarfið.
- Leita leiða til að bjóða upp á fleiri valgreinar, t.d. með samstarfi við aðra skóla.
- Skoða samskipti kennara og nemenda, viðmót og talsmáta.
- Tengja foreldra meira inn í daglegt skólastarf.
- Auka fræðslu um framhaldsnám fyrir elstu nemendur.

Námsaðlögun

Nám við hæfi allra nemenda

Í drögum að starfsáætlun kemur fram að stuðningur í námi og sérkennsla eru háð greiningu á vanda nemandans. Stuðningsfulltrúar sjá um stuðning inni í bekk og fyrir nokkra nemendur ef við á. Sérkennsla felst í aðstoð þar sem nemandi er einn með kennara eða í litlum sérkennsluhópi (Starfsáætlun 2012-2013, stoðþjónusta).

Að sögn skólastjóra var sú ákvörðun tekin fyrir tveimur árum í skólanefnd skólans að taka ekki inn nemendur með greindan hegðunarvanda „nemandi þarf að vera bekkjarhæfur“. Hann telur aftur á móti að skólinn standi sig vel í að sinna nemendum með námserfiðleika, „þar getum við sinnt þeim vel og mætt þeim“. Nemendur með annað móðurmál en íslensku fá nokkra tíma á viku í íslenskukennslu utan bekkjar.

Nemendaverndarráð er í skólanum og þar sitja skólastjóri, skólahjúkrunarfræðingur, kennsluráðgjafi og sálfræðingur (báðar frá Þjónustumiðstöð). Kennarar eru upplýstir um þennan vettvang og geta mætt á fund ef þeir óska þess. Skólinn á samstarf við þjónustumiðstöð hverfisins og leitar þangað eftir sálfræðiráðgjöf og kennslufræðilegri ráðgjöf (Starfsáætlun 2012-2013, stoðþjónusta).

Í vettvangsathugunum kemur fram að kennarar leitast við að haga verkefnum þannig að nemendur á ólíkum aldri og með ólíka getu fái verkefni við hæfi.

Stuðningur við nám

Suðurhlíðarskóli hefur ekki tekið þátt í Læsissskimun eða skimun með Talnalykli sem Skóla- og frístundaráð leggur skólum til. Þessar skimanir gefa upplýsingar um stöðu nemenda og sýna hvernig skólar í heild koma út til samanburðar.

Stuðningur við nemendur fer að mestu fram inni í bekk, kemur fram í rýnihópum, nemendur sem víkja frá fá séráætlun og sérnámsefni a.m.k. í sumum greinum og nemendur og foreldrar taka þátt í ákveða frávik frá markmiðum hópsins. Greiningar á námsvanda eru lagðar til

grundvallar séráætlunum fyrir nemendur, en ekki eru gerðar eiginlegar einstaklingsnámskrár með viðeigandi námsmarkmiðum fyrir nemandann.

Foreldri í rýnihópi lýsti ánægju sinni með það hvernig komið er til móts við þarfir barnsins í Suðurhlíðarskóla og betur en þar sem hún var áður „hún fær kennslu og þarf að læra og henni er sinnt námslega“.

Námsaðlögun

Það sem vel er gert

- Kennarar leitast við að haga verkefnum þannig að nemendur á ólíkum aldri og með ólíka getu fái verkefni við hæfi.
- Stuðningur við nemendur fer að mestu fram inni í bekk.
- Nemendur sem víkja frá fá séráætlun og sérnámsefni og nemendur og foreldrar taka þátt í ákveða frávík frá markmiðum hópsins.
- Foreldri lýsir ánægju með það hvernig komið er til móts við barn með sérþarfir í skólanum.

Tækifæri til umbóta

- Skilgreina hvernig skólinn uppfyllir ákvæði um skóla án aðgreiningar.
- Gera markvissar einstaklingsnámskrár fyrir alla nemendur sem víkja frá.

Svið III Innra mat grunnskóla

Innra mat er kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi

Innra mat í Suðurhlíðarskóla getur hvorki talist kerfisbundið né samofið daglegu skólastarfi. Hvergi í gögnum skólans er að finna umfjöllun um innra mat, hvorki í skólanámská, starfsáætlun né á heimasíðu skólans. Engin áætlun um innra mat liggur fyrir hvorki til lengri né skemmri tíma. Mat á árangri nemenda fer þó reglulega fram með prófum og skólastjóri hefur í hyggju að fara að sitja kennslustundir hjá kennurum.

Að sögn skólastjóra eru kennarafundir notaðir til að ræða ýmis mál, s.s. einstaka nemendur, stöðu í bekkjum o.fl. Fundargerðir eru skráðar eftir hvern fund og sendar á kennara. Miðað við skólaheimsókn er ekki hægt að segja að mat og ígrundun kennara og annarra starfsmanna á eigin starfsháttum sýnilegur liður í daglegu starfi þeirra þó auðvitað fari slíkt mat ætíð að einhverju leyti fram.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið gerði úttekt á sjálfsmatsaðferðum Suðurhlíðarskóla haustið 2009 og heildarniðurstöður hennar voru að skólinn uppfyllti hvorki viðmið um sjálfsmatsaðferðir né framkvæmd sjálfsmats.

Innra mat er markmiðsbundið

Þar sem lítið er um innra mat í skólanum er ekki um að ræða að markmið skólastarfsins séu metin með markvissum hætti né að skilgreind hafi verið viðmið um þann árangur sem stefnt er að. Innra matið getur því engan veginn talist uppfylla viðmið um að vera markmiðsbundið.

Innra mat byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum

Fyrir utan fundargerðir liggur ekki fyrir skráð vinnuferli í tengslum við gagnaöflun um skólastarfið. Ekki er unnt að meta út frá fyrirliggjandi gögnum hvernig árangur og framfarir nemenda eru metin. Skólinn nýtir sér niðurstöður úr ytra mati, s.s. úr samræmdum prófum og foreldrakönnun skóla- og frístundasviðs.

Innra mat er samstarfsmiðað og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum

Innra mat í Suðurhlíðarskóla uppfyllir ekki viðmið um að vera samstarfsmiðað og byggja á lýðræðislegum vinnubrögðum. Kennarar annast mat á árangri og framförum nemenda. Foreldrar og nemendur hafa ekki aðkomu að ákvörðunum í tengslum við innra mat. Af hálfu skólans er leitað eftir sjónarmiðum foreldra um málefni sem varða þeirra börn og einnig er viðhorf foreldra könnuð þegar einstakar ákvarðanir eru teknar, s.s. um vetrarfrí, breytingu á skólareglum, upphaf skóladags o.fl. Að sögn skólastjóra lagði skólinn könnun fyrir foreldra fyrir þremur árum og jafnframt hafa foreldrar tekið þátt í viðhorfakönnun sem lögð er fyrir af Skóla- og frístundasviði Reykjavíkur.

Ekki er leitað formlega eftir viðhorfum nemenda eða starfsmanna. Ábendingar frá nemendum um það sem betur má fara eru teknar til skoðunar að sögn skólastjóra. Kennarafundir eru vettvangur til skoðanaskipta í starfsmannahópnum.

Innra mat er opinbert

Engar greinargerðir um innra eða ytra mat eru aðgengilegar á heimasíðu eða á öðrum opinberum vettvangi. Umbótaáætlun liggur ennfremur ekki fyrir.

Innra mat er umbótamiðað

Af framangreindu er ljóst að þar sem ekki er um formlegt innra mat að ræða í Suðurhlíðarskóla þá uppfyllir það ekki viðmið um að vera umbótamiðað. Umbætur eiga sér engu að síður stað í skólanum en þær eru ekki skráðar sérstaklega að sögn skólastjóra. Fram kom í rýnihóp foreldra að jákvætt er tekið í þær hugmyndir sem foreldrar koma fram með og þær nýttar til umbóta.

Innra mat

Það sem vel er gert:

- Reglulegt mat á námi árangri og framförum nemenda er fastur liður í skólastarfinu.
- Leitað er eftir sjónarmiðum hagsmunaaðila þegar breytingar eru gerðar.
- Þegar skólastjóri fær vitneskju um málefni sem hægt er að bæta er strax brugðist við því.

Tækifæri til umbóta:

- Bent er á að samkvæmt lögum um grunnskóla og aðalnámskrá grunnskóla er skólum skylt að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs.
- Fyrir liggur að gera áætlun um innra mat sem nær til helstu þátta í starfi skólans og birta í skólanámskrá.
- Leita þarf leiða til að meta reglulega kennslu og fagmennsku kennara.
- Bent er á að við mótun innra mats að matið þarf að beinast að markmiðum skólanámskrár og meta þarf jafnframt leiðir að markmiðum.
- Skilgreina ætti fyrirfram viðmið um þann árangur sem stefnt er að í tengslum við markmið skólastefnunnar.
- Við skipulag innra mats bent er á að nota fjölbreyttar aðferðir við gagnaöflun sem hæfa viðfangsefninu hverju sinni.
- Leita ætti leiða til að innleiða formlegt innra mat sem byggir á samstarfi starfsfólks, foreldra og nemenda.
- Bent er á mikilvægi þess að allir helstu hagsmunaaðilar skólans fái tækifæri til að láta í ljós viðhorf sín til skólastarfsins, þ.m.t. nemendur.
- Lagt er til að niðurstöður úr ytra og innra mati séu nýttar til að eiga samræður við hagsmunaaðila um þróun og umbætur.
- Niðurstöður innra og ytra mats þarf að kynna fyrir hagsmunaaðilum og hafa aðgengilegar á heimasíðu. Sama gildir um umbótaáætlanir.
- Þegar niðurstöður úr innra eða ytra mati liggja fyrir þarf að gera tímasetta umbótaáætlun þar sem skilgreind eru umbótaaðgerðir, ábyrgðaraðilar og tilgreint hvenær og hvernig meta eigi árangur umbótanna.

Greining

Styrkleikar

Skólinn hefur skýra stefnu og starfar í samræmi við hana. Mikil áhersla er lögð á góð samskipti, umburðarlyndi og gagnkvæma virðingu. Foreldrar eru ánægðir með skólann og samskipti við stjórnendur og kennara. Að heimanámsstundum meðtöldum er skólinn að veita nemendum lengri skólatíma en viðmiðunarstundaskrá gerir ráð fyrir.

Veikleikar

Nær engin skrifleg gögn liggja fyrir um skólastarf í Suðurhlíðarskóla. Starfsáætlun er aðeins til í ófullkomnum drögum og skólanámskrár og námsvísar greina og árganga liggja ekki fyrir. Ekkert innra mat hefur farið fram á skólastarfinu.

Ögranir

Smæð skólans takmarkar möguleika á fjölbreyttu vali unglunga. Nemendur koma víða að af höfuðborgarsvæðinu sem hamlar félagsstarfi eftir skólatíma og hluti þeirra hefur átt erfitt uppdráttar í almennum grunnskólum félagslega og/eða námslega. Það er ögrun fyrir skólann að vinna með þessa nemendur og byggja þá upp til að þeir nái árangri.

Tækifæri

Bæta upplýsingar á heimasíðu skólans og birta þar m.a. starfsáætlun, skólanámskrá og námsvísa. Auka framboð á valgreinum á unglingastigi og bjóða elstu nemendum kennslu í list- og verkgreinum. Finna leiðir til að styrkja lýðræðisleg vinnubrögð og gefa nemendum tækifæri til að hafa meiri áhrif á námið og námsmatið. Leita leiða til að innleiða formlegt innra mat sem byggir á samstarfi starfsfólks, foreldra og nemenda

Samantekt

Fagleg forysta

Það sem vel er gert:

- Stjórnandi stuðlar að góðum samskiptum meðal starfsmanna, nemenda og foreldra.
- Skólinn hefur skýra stefnu og starfar í samræmi við hana.
- Mikil áhersla er á góð samskipti, umburðarlyndi og gagnkvæma virðingu.
- Vel er staðið að upplýsingagjöf til foreldra og foreldrar hafa greiðan aðgang að skólastjóra og kennurum.
- Vel er staðið að því að kynna áherslur og sérstöðu skólans á heimasíðu.
- Mannauður er nýttur skv. menntun og sérhæfingu hvers og eins.
- Allir kennarar skólans eru með leyfisbréf sem grunnskólakennarar.
- Teymisfundir eru einu sinni í viku og kennarafundir aðra hverja viku. Fundargerðir eru ritaðar og sendar út með tölvupósti eftir fundi.
- Samstarf kennara er gott og samskipti jákvæð.
- Boðleiðir eru stuttar og ákvarðanir sem varða skólastarfið eru teknar á lýðræðislegan hátt á kennarafundum.
- Góð samskipti og heimilislegur andi er innan starfsmannahópsins.

- Kennarar telja að samskipti við foreldra séu jákvæð og þeir þekkja vel til aðstæðna allra barna í skólanum.
- Starfsfólk er ánægt með staðsetningu og umhverfi skólans.
- Kennarar eru ánægðir með fyrirkomulag viðburða í skólanum á borð við skólaasetningu, skólaslit og jólaskemmtanir.
- Ánægja með mötuneyti og að nemendur og kennarar borði saman í hádeginu.
- Kennarar hafa mikið frelsi í starfi og hafa áhuga á frekari skólaþróun.

Tækifæri til umbóta:

- Lagt er til að skólastjóri veiti kennurum markvissari endurgjöf um nám og kennslu.
- Efla þarf faglega forystu skólastjóra.
- Skólastjóri mætti vera duglegri að við að hrósa starfsfólki og veita beina endurgjöf.
- Æskilegt er að gera áætlun um móttöku nýrra starfsmanna og móta verklagsreglur um meðferð eineltis- og ágreiningsmála í starfsmannahópnunum.
- Bent er á að samkvæmt lögum á starfsfólk og verktakar, sem vinna að staðaldri fyrir skólann, að undirrita skjal um trúnað og þagnarskyldu.
- Gæta þarf þess að aflað sé upplýsinga úr sakaskrá um allt starfsfólk skólans.
- Æskilegt væri að koma á formlegum farvegi fyrir upplýsingastreymi innan starfsmannahópsins.
- Huga mætti að því að stofna til formlegs samstarfs við aðra grunnskóla og önnur skólastig.
- Koma mætti á fót vettvangi fyrir faglega umræðu og samstarf við kennara utan skólans.
- Bæta mætti aðstöðu á skólalóðinni.
- Kennarar kalla eftir meiri samfelli í skólastarfinu og að nýjum kennurum sé leiðbeint þegar þeir hefja störf í skólanum.
- Meta þarf starf skólans með markvissum hætti.
- Vinna þarf að þróunar- og umbótaáætlun á grundvelli innra mats.
- Vinna þarf formlega símenntunaráætlun fyrir starfsfólk á grundvelli umbótaáætlunar og hvetja kennara til að sækja sér símenntun.
- Skapa þarf svigrúm til frekari skólaþróunar.

Stefnumótun og skipulag

Það sem vel er gert:

- Jákvæður skólabragur einkennir starfsemi skólans.
- Skóladagur nemenda er heildstæður og stundatafla er samfelld.
- Að heimanámsstundum meðtöldum er skólinn að veita nemendum lengri skólatíma en viðmiðunarstundaskrá gerir ráð fyrir.
- Skólareglur liggja fyrir og nemendur upplifa þær sanngjarnar.
- Vel er staðið að því að fyrirbyggja einelti í Suðurhlíðarskóla.

Tækifæri til umbóta:

- Fyrir liggur að uppfæra starfsáætlun til samræmis við 12. kafla í aðalnámskrá grunnskóla (2011).

- Vinna þarf skólanámskrá til samræmis við 12. kafla í aðalnámskrá grunnskóla og huga að aðkomu starfsfólks, foreldra, nemenda og annarra hagsmunaaðila að þeirri vinnu eftir því sem við á.
- Við gerð skólanámskrár þarf að skoða sérstaklega hvernig grunnþættir aðalnámskrár; læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun, birtast í henni.
- Starfsáætlun, skólanámskrá og námsvísar ættu að vera aðgengileg á heimasíðu skólans.
- Fyrir liggur að vinna þarf heildstæða forvarnaráætlun fyrir skólann þar sem m.a. kemur fram áætlun í fíknivörnum, áfengis- og tóbaksvörnum, áætlun gegn einelti og öðru ofbeldi og áætlun í öryggismálum og slysavörnum. Einnig áætlanir um jafnrétti og mannréttindi og viðbrögð við áföllum.
- Skilgreina þarf verklag um móttöku nýrra nemenda, nemenda með sérþarfir og nemenda með annað móðurmál en íslensku.
- Bent er á að móta þarf árlega áætlun um stuðning í námi og þjónustu við nemendur með sérþarfir í samræmi við reglugerð 585/2010.
- Auka framboð á valgreinum á unglingastigi.

Samskipti heimila og skóla

Það sem vel er gert:

- Spurningar um líðan nemenda að mati foreldra koma betur út en áður og enginn sagði barn sitt hafa lent í einelti í skólanum.
- Foreldrar eru ánægðir með samskipti við skólann, vel er tekið í hugmyndir þeirra um skólastarfið.
- Foreldrar telja að skólinn vinni mjög vel með nemendur sem oft hafa erfiða reynslu að baki þegar þeir koma í skólann. Þolinmæði, sveigjanleiki og umhyggja ríki í garð allra nemenda.

Tækifæri til umbóta:

- Bæta þarf upplýsingamiðlun á heimasíðu skólans.
- Upplýsa mætti foreldra betur um skólaráð og hlutverk þess.
- Ráðgjöf og stuðningur utan skólans, s.s. frá námsráðgjafa, sálfræðingi eða öðru fagfólki þarf að vera í boði fyrir nemendur.

Nám og námsaðstæður

Það sem vel er gert:

- Heimanámstímar undir leiðsögn kennara eru fastir á töflu nemenda frá 4. bekk.
- Kennarar leitast við að koma til móts við nemendur með misþungum verkefnum og ólíku námsefni eftir aldri og getu.
- Útikennsla er fastur liður í námi yngri nemenda.
- Flestar stundir sem heimsóttar voru í vettvangsathugunum voru vel skipulagðar og tími vel nýttur og 9 af 11 stundum voru metnar góðar.

Tækifæri til umbóta:

- Skólinn móti sér stefnu til að skima snemma fyrir námserfiðleikum t.d. með því að nemendur skólans taki þátt í lesskimunni Læsi og stærðfræðiskimuninni Talnalykli.
- Leita leiða til að bæta árangur nemenda í samræmdum könnunarprófum, sérstaklega í 7. og 10. bekk.
- Birta upplýsingar um nám, kennslu og námsmat í námsvísum fyrir greinar og árganga á heimasíðu skólans eða með öðrum opinberum hætti.
- Þjóða elstu nemendum aukna kennslu í list- og verkgreinum.

Þátttaka og ábyrgð nemenda

Það sem vel er gert

- Nemendur eru almennt jákvæðir fyrir náminu og kennurum sínum.
- Skólareglur eru skýrar og sýnilegar.
- Stjórn nemendafélagsins er kosin lýðræðislegri kosningu.

Tækifæri til umbóta

- Finna þarf leiðir til að styrkja lýðræðisleg vinnubrögð og gefa nemendum tækifæri til að hafa meiri áhrif á námið og námsmatið.
- Auka virkni nemendafélagsins og koma á reglulegum fundum með stjórn þess.
- Aðstoða nemendafélagið við skipulag viðburða til að tryggja að þeir heppnist vel.
- Efla félagslíf nemenda í skólanum, t.d. með því að tengja sig við vinaskóla í nágrenninu.
- Leita markvisst eftir sjónarmiðum nemenda um skólastarfið.
- Leita leiða til að bjóða upp á fleiri valgreinar, t.d. með samstarfi við aðra skóla.
- Skoða samskipti kennara og nemenda, viðmót og talsmáta.
- Tengja foreldra meira inn í daglegt skólastarf.
- Auka fræðslu um framhaldsnám fyrir elstu nemendur.

Námsaðlögun

Það sem vel er gert

- Kennarar leitast við að haga verkefnum þannig að nemendur á ólíkum aldri og með ólíka getu fái verkefni við hæfi.
- Stuðningur við nemendur fer að mestu fram inni í bekk.
- Nemendur sem víkja frá fá séráætlun og sérnámsefni og nemendur og foreldrar taka þátt í ákveða frávík frá markmiðum hópsins.
- Foreldri lýsir ánægju með það hvernig komið er til móts við barn með sérþarfir í skólanum.

Tækifæri til umbóta

- Skilgreina hvernig skólinn uppfyllir ákvæði um skóla án aðgreiningar.
- Gera markvissar einstaklingsnámskrár fyrir alla nemendur sem víkja frá.

Innra mat

Það sem vel er gert:

- Reglulegt mat á námi árangri og framförum nemenda er fastur liður í skólastarfinu.
- Leitað er eftir sjónarmiðum hagsmunaaðila þegar breytingar eru gerðar.
- Þegar skólastjóri fær vitneskju um málefni sem hægt er að bæta er strax brugðist við því.

Tækifæri til umbóta:

- Bent er á að samkvæmt lögum um grunnskóla og aðalnámskrá grunnskóla er skólum skylt að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs.
- Fyrir liggur að gera áætlun um innra mat sem nær til helstu þátta í starfi skólans og birta í skólanámskrá.
- Leita þarf leiða til að meta reglulega kennslu og fagmennsku kennara.
- Bent er á að við mótun innra mats að matið þarf að beinast að markmiðum skólanámskrár og meta þarf jafnframt leiðir að markmiðum.
- Skilgreina ætti fyrirfram viðmið um þann árangur sem stefnt er að í tengslum við markmið skólastefnunnar.
- Við skipulag innra mats bent á að nota fjölbreyttar aðferðir við gagnaöflun sem hæfa viðfangsefninu hverju sinni.
- Leita ætti leiða til að innleiða formlegt innra mat sem byggir á samstarfi starfsfólks, foreldra og nemenda.
- Bent er á mikilvægi þess að allir helstu hagsmunaaðilar skólans fái tækifæri til að láta í ljós viðhorf sín til skólastarfsins, þ.m.t. nemendur.
- Lagt er til að niðurstöður úr ytra og innra mati séu nýttar til að eiga samræður við hagsmunaaðila um þróun og umbætur.
- Niðurstöður innra og ytra mats þarf að kynna fyrir hagsmunaaðilum og hafa aðgengilegar á heimasíðu. Sama gildir um umbótaáætlanir.
- Þegar niðurstöður úr innra eða ytra mati liggja fyrir þarf að gera tímasetta umbótaáætlun þar sem skilgreind eru umbótaaðgerðir, ábyrgðaraðilar og tilgreint hvenær og hvernig meta eigi árangur umbótanna.

Heimildir

Aðalnámskrá fyrir grunnskóla. 2011.

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

Skólaskýrsla 2011. Reykjavík. Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýrsla um samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 10. bekk 2012. Reykjavík. Námsmatsstofnun.

Starfsáætlun Suðurhlíðarskóla. 2012-2013. Reykjavík. Suðurhlíðarskóli..

Stefna og starfsáætlun skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar 2012. Reykjavík: Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar.

Viðhorf foreldra til grunnskólastarfs í Reykjavík. 2012. Suðurhlíðarskóli. Reykjavík: Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar.

<http://www.sudurhlidarskoli.is/>

<http://www.skolatorg.is/kerfi/sudurhlidarskoli/skoli/>

Fylgiskjöl

1. Matsblöð með viðmiðum um gæði skólastarfs
2. Viðmið um mat á gæðum kennslustundar
3. Vettvangsathuganir - trúnaðarskjal
4. Gátlisti um skólanámskrá
5. Gátlisti um starfsáætlun
6. Gátlisti um heimasíðu
7. Gátlisti um skólareglur